

Verkefni: Aðalfundur Gígunnar 2007
Dagsetning fundar: 10. mars 2007
Tímasetning fundar: 14:45 – 16:40
Fundarstaður: Söngskólinn Domus Vox, Laugarvegi 116, Reykjavík

Stjórnarmenn Gígunnar:

Ásdís Helga Bjarnadóttir (ÁHB)	Formaður	Mætt
Erna Gísladóttir (EG)	Gjaldkeri	Fjarverandi
Heiða Gunnarsdóttir (HG)	Ritari	Mætt
Sigrún Óskarsdóttir (SÓ)	Meðstjórnandi	Mætt
Fríða Albertsdóttir (FA)	Meðstjórnandi	Fjarverandi
Margrét Bóasdóttir (MB)	Verndari	Mætt

Eftirtaldir aðildarkórar sendu fulltrúa til aðalfundarins:

Freyjukórinn í Borgarfirði (Ásdís Helga Bjarnadóttir, Zsuzsanna Budai)
Gospelsystur Reykjavíkur (Linda Guðjónsdóttir, Stella Óladóttir)
Heklurnar (Erla Þorbjörnsdóttir, Unnur Sæmundsdóttir, Kristín I. Pálsdóttir)
Kvennakór Akureyrar (Helga Gunnlaugsdóttir)
Kvennakór Garðabæjar (Halldóra Viðarsdóttir, María Vilhjálmsdóttir, Daðína Friðriksdóttir)
Kvennakór Hafnarfjarðar (Sigrún Óskarsdóttir, Elísabet Kristinsdóttir, Inga L. Júlíusdóttir, Steiney Halldórsdóttir)
Kvennakór Kópavogs (Dröfn Eyjólfssdóttir, Jófríður Guðmundsdóttir)
Kvennakór Suðurnesja (Hildur Harðardóttir)
Kvennakórinn Ljósbrá (Olga M. Valsdóttir)
Kvennakórinn Ymur (Sigurey Lúðvíksdóttir, Hólmfríður Sigurðardóttir)
Kyrjurnar, Reykjavík (Valgerður Grímsdóttir, Inga J. Arnardóttir)
Vox feminae (Stella Óladóttir, Guðný Jónsdóttir, Heiða Gunnarsdóttir)

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:

Ásdís Helga Bjarnadóttir formaður Gígunnar setti aðalfundinn og bauð fundargesti velkomna. Að þessu sinni var aðalfundur í beinu framhaldi af fræðslufundi þar sem Margrét Bóasdóttir og Diddi fiðla fjölluðu um upptöku á geisladiskum. Ásdís lagði það fyrir aðalfundinn að boðað yrði til framhaldsaðalfundar strax að hausti. Ástæða þess er ósk frá aðildarkórum að reikningsár Gígunnar sé í takt við starfsár kóranna og aðalfundur haldinn að hausti. Þá er það einnig lagt til að vorfundir séu haldnir í tengslum við kvennakóramótin sem þá teljist ekki aðalfundir. Þessar tillögur voru samþykktar af fundarmönnum og fer stjórnin í það í sumar að vinna að lagabreytingum til að þetta sé mögulegt. Ásdís Helga lagði það til að Heiða Gunnarsdóttir yrði ritari fundarins og hún og Heiða skiptu með sér fundarstjórn var það samþykkt og fundurinn hófst.

1. Skýrsla stjórnar

Formaður Gígunnar; Ásdís Helga Bjarnadóttir flutti ársskýrslu:

Nokkrir punktar frá síðasta aðalfundi**✓ Stefnumótun í kynningarmálum**

Í tengslum við aðalfundinn 29. apríl bauð stjórn Gígunnar uppá fræðslufyrirlestur um stefnumótun í kynningarmálum. Það var Ásdís Ýr Pétursdóttir starfsmaður Bakkavarar sem flutti mjög áhugavert erindi í tengslum við kóra- og menningarstarf. Á vefsetri Gígunnar má finna erindið í heild sinni undir linknum "Fundargerðir". Fróðlegt er fyrir nýjar stjórnir að kynna sér inntakið.

✓ Góð þátttaka á aðalfundi

Eftir fræðsluerindið var haldinn aðalfundur. Fundinn sóttu um 20 fulltrúar frá 11 aðildarkórum Gígunnar. Á fundinum var stjórnin endurköörin. Samþykkt var að fela stjórninni að koma með tillögu að fyrirkomulagi varðandi það að koma til móts við kostnað stjórnarmanna við þátttöku í

stjórnarfundum. Tillagan verður lögð fyrir næsta aðalfund Gígunnar. Engar lagabreytingar voru gerðar og árgjaldið samþykkt óbreytt eða 200 kr á kórkonu á starfsvetri eins og verið hefur frá stofnun Landssambandsins. Undir öðrum málum flutti Valgerður Grímsdóttir stutta kynningu á starfi Kyrjanna en sá kór fékk aðild að Gígjunni á umræddum starfstíma. Mikil og góð umræða fór fram um störf kóranna; félagsgjöld, æfingatíma, laun til stjórnenda, æfingahúsnæði, fjáröflunarleiðir og ýmislegt fleira í tveggja manna tali.

Stjórnarfundir

Haldnir hafa verið tveir stjórnarfundir frá síðasta aðalfundi. Erfiðlega hefur gengið að finna hentugan fundartíma. Fjarlægðir og persónulegar aðstæður hafa valdið því að ekki hefur verið full mæting á fundina og afboðun borist það seint að ekki hefur verið hægt að kalla út varamenn stjórnar. Málefnið hafa því verið mikið til afgreidd í gegnum síma og tölvupósta.

Formaður átti tvo fundi með framkvæmdastjóra FJÖLÍS á tímabilinu, m.a. til að yfirfara og aðlagða samninga að kvennakórástarfi. Fulltrúi Fjölís hefur komið á aðalfund Gígunnar og kynnt markmið og tilgang Fjölís og hefur samningurinn auk þess verið kynntur í fréttabréfi og á heimasíðu Gígunnar. Stjórn Gígunnar hefur ekki haft neinn samningsrétt fyrir hönd aðildakóra heldur aðeins veitt ráðgjöf til Fjölís varðandi starfsfyrirkomulag þeirra. Það er því á höndum hvers kórs fyrir sig hvernig hann háttar samstarfinu við Fjölís.

Í tengslum við samstarf Gígunnar við SAMNAM var upplýsingum safnað um fjölda aðildarkóra og fjölda meðlima í kórum aðildarfélaganna SAMNAM hér á landi. Þessir aðilar eru Landssamband blandaðra kóra, Samband íslenskra karlakóra, Samband íslenskra lúðrasveita, Samtök íslenskra skólalúðrasveita, Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, Tónmenntakennarafélag Íslands (sem ekki náðist í) auk Gígunnar. Miðað við þær upplýsingar sem fengust þá eru hóparnir um 91 sem eiga aðild að öllum þessum samböndum, með um 3500 einstaklingum – þar af um 1220 einstaklinga undir 25 ára.

Stjórnin hefur samþykkt aðild Heklanna, 20 manna kvennakórs í Mosfellsbæ, en sá kór hefur verið starfsræktur frá árinu 2003. Kynning á honum mun fara fram undir öðrum málum á aðalfundinum.

Vefsetrið

Mjög mikið hefur verið að gera hjá ritara stjórnar við það að halda við vefsetri Gígunnar. Fjöldi upplýsinga þarf að yfirfara frá kórum og fjöldi ábendinga um fréttir eða fréttatengt efni berst frá aðildakórum – sem stjórnarmenn eru yfirsig hrífnir af. Mjög mikið líf hefur því verið á vefsetri Gígunnar og greinilega nóg að gera hjá aðildarkórunum í landinu. Það þarf þó að alltaf að minna kórana á það, nú sem áður, að yfirfara upplýsingar um kórinn undir linknum “Aðildarkórar” og senda leiðréttingar inn til Gígunnar. Þetta svæði á síðunni er mikið notað og því nauðsynlegt að upplýsingarnar um séu ávallt réttar.

SAMNAM samstarf

Gígjunni barst boð um að senda fulltrúa á SAMNAM NORDISK MUSIKKONFERENS ráðstefnuna sem haldin var í Glostrup í Danmörku 22. – 24. september 2006. Stjórnin ákvað að senda tvo fulltrúa, formanninn Ásdísi Helgu Bjarnadóttur og ritarann Heiðu Gunnarsdóttur. Sótt var um styrk til Menntamálaráðuneytisins vegna ferðarinnar og fékkst sá styrkur.

Hvað er SAMNAM?

SAMNAM (Samorganisation for amatør musik) var stofnað árið 1978 og var viðurkennt formlega af Norrænu ráðherranefndinni árið 1980. Aðildarfélag SAMNAM eru alls 63 með um 600.000 félagsmönnum á Norðurlöndunum. Aðildarfélagin samanstanda fyrst og fremst af kórum áhugafólks (karla, kvenna, blandaðra og barnakóra) sem og skóla- og lúðrahljómsveitum. Öflugt samstarf hefur verið milli þessara aðila sem SAMNAM hefur komið á eða aðstoðað við á margvíslegan hátt.

SAMNAM ráðstefnan

Ráðstefnuna sóttu fulltrúar, frá fyrrnefndum áhugamannasamtökum tónlistarmanna, frá Danmörku, Finnlandi, Svíþjóð, Noregi og Íslandi. Dagskrá ráðstefnunnar var þéttskipuð með sérfundum sambandanna eða sameiginlegum fundum allra.

Markmið ráðstefnunnar var að leggja á ráðin til að tryggja áframhaldandi starf SAMNAM og byggja upp tengslanet aðildarfélaga þessara samtaka.

Fram til þessa hafa aðildarfélög og SAMNAM átt möguleika á því að sækja um styrki til Nordisk kulturfond og Norrænu ráðherranefndarinnar en nú hafa áherslur fjárveitinganna breyst þannig að erfitt er fyrir áhugafólk um tónlist að sækja um styrki til starfsins og þar með að efla norræna tónlistarhefð og samvinnu.

Inger Allan aðstoðarrektor og dósent við Det. Kgl. Danske Musik-konservatorium og fulltrúi í Det danske Kunstråds Musikfagudvalg fjallaði um þær breytingar sem hafa orðið á úthlutunarreglum og áherslum norrænu sjóðana. Mjög erfitt verður að fá úthlutað styrkjum til áhugafólks um tónlist miðað við núverandi áætlanir.

Steen Lindholm Nordisk korforum og ráðgjafi fyrir tónlistaráhugafólk í Danmörku rakti mikilvægi norrænnar menningar og tónlistahefðar og þá möguleika sem felast í öflugum samstafi Norðurlandanna. Tónlistahefðin sker sig frá Evrópu á margan hátt eins og á svo mörgum öðrum sviðum þjóðlífsins. Kynnt voru tvenn stór samtök:

- Europa Cantat – Evrópusamstarf kórafólks og
- International federation for choral music – alþjóðleg samtök kórafólks.

Miklar og snarpar umræður urðu um þessi mál sem ákveðið var að gefa meiri tíma síðar en nokkur atriði voru þó samþykkt af þorra hópsins – svo sem að gera SAMNAM sýnilegri, hvetja til þess að „amatör musik“ verði inni í úthlutunarreglunum og auka enn frekar samstarf aðildafélaganna innan SAMNAM.

Fundur kvennakórasambanda

Landssambönd kvennakóra í Finnlandi og Íslandi funduðu sérstaklega samhliða ráðstefnunni. Aðeins þrjú kvennakórasambönd eiga beina aðild að SAMNAM. Ástæðan er sú að í öðrum löndum falla þau undir kórasambönd sem hafa þá einnig inni blandaða kóra, karlakóra og barnakóra.

Fulltrúar kvennakóranna með beinni aðild að SAMNAM funduðu og ræddu m.a. velheppnað norrænt kvennakóramót sem haldi var á Íslandi árið 2000. Ákveðið var að stefna að því að halda annað slíkt kóramót í byrjun sumars árið 2009 í Turku í Finnlandi. Skipaður var vinnuhópur til undirbúnings mótsins 2 fulltrúar frá Íslandi og 3 frá Finnlandi. Áætlað var að halda tvo undirbúningsfundi, þann fyrri í Turku 26.-27. maí 2007 og þann síðari í Kaupmannahöfn 2008.

Í undirbúningshópnum verða til að byrja með; fulltrúi sænskumælandi kvennakórasambandsins Gunilla Bergmann netfang: [gunilla.bergmann\(hjá\)nordkaki.com](mailto:gunilla.bergmann(hjá)nordkaki.com) og fulltrúi finnskumælandi kvennakórasambandsins Raakel Solvin, netfang: [raakel.solvin\(hjá\)cou.fi](mailto:raakel.solvin(hjá)cou.fi) auk fulltrúa frá Turku og tveggja frá Gígjunni.

Norrænt kvennakóramót

Í lok árs komu þær fréttir að kvennakórar í Noregi væru að undirbúa Norrænt kvennakóramót árið 2008. Því var ákveðið að biðja með undirbúning að kóramóti í Finnlandi árið 2009 en stefna þá frekar að því að halda slíkt árið 2010 eða 2011 og móta með því ákveðna hefð og ferli varðandi norræn kvennakóramót.

Voices Unlimited 2007

Alþjóðleg kórahelgi verður haldin í Hollandi í október 2007. Fréttir um þessa hátíð hafa verið senda út og kynntar á heimasíðu Gígjunnar.

Kvennakórastefna við Mývatn í sumar

Margrét Bóasdóttir kemur að undirbúningi á kvennakórastefnu við Mývatn nú í sumar. Þangað mun koma Lynnel Joy Jenkins frá USA og áhersla lögð á World Music. Upplýsingar hafa einnig verið kynntar aðildarkórum Gígjunnar.

Nordisk Damekorfestival

Nú í byrjun febrúar kom auglýsing frá Midt-Norsk Damekor um Norrænt kvennakóramót dagana 10.-13. apríl árið 2008 í Þrándheimi. Þar sem syngja á meðal annars í Niðarósdómkirkju og hafa vinnubúðir með Mariu Guinand frá Venesuela. Þáttökugjöldin eru pr. kór 1500.- NOK, fyrir hópa með um 12 meðlimum 750.- NOK og fyrir einstaklinga 500.- NOK. Undirbúningsaðilar munu reyna að útvega hagstæð tilboð í gistingu, o.fl.. Skráningafrestur er til 1. maí 2007 og er hægt að senda hana inn á netfangið kor(hjá)nksortrondelag.no. Þær upplýsingar sem þurfa að koma fram eru: Nafn kórs, nafn tengiliðar kórs, fjöldi kórfélaga, sími og netfang. Frekari upplýsinga um kóramótið má finna á vefsetrinu; www.kor.no.

Landsmót Íslenska kvennakóra á Hornafirði 2008

Næsta landsmót verður haldið síðustu helgi í apríl 2008. Kvennakór Hornafjarðar er kominn á fullt í undirbúningi og hlakkar mikið til þessa stóra verkefnis. Undirbúningsnefndin er búin að taka frá allt gistirými staðarins þessa helgi og bendir á að ekki er vitlaust fyrir kórana sem ætla að koma að fara að panta sér gistingu. Á Hornafirði er boðið upp á allskonar gistingu, hótél, gistiheimili, bændagistingu og smáhýsi svo dæmi séu tekin.. Ef upplýsingar vantar vinsamlega hafið samband við Ernu sími 478 1093, 898 7129 [erna\(hjá\)hafnarskoli.is](mailto:erna(hjá)hafnarskoli.is), Luciu 478 1215 [lucia\(hjá\)hornafjordur.is](mailto:lucia(hjá)hornafjordur.is) eða Ingibjörgu 478 1514 og 898 5614.

NORDKLANG 13 í Uppsölum 2007

Sveriges Körförbund (Kórasamtök Svíþjóðar) skipuleggur hina stóru kórhatið "Nordklang 13" í Uppsölum 2007. Nordklang hefur verið haldið þriðja hvert ár síðastliðin 30 ár á einhverju Norðurlandanna og markmiðið er að 1000 kórsöngvarar frá Norðurlöndunum taki þátt í Nordklang 13. Nordklang beinist til áhugakórsöngvara frá Norðurlöndunum. Allir eru velkomnir óháð reynslu. Smíðurnar og dagskráin eru byggð upp til að henta söngvurum 15 ára og eldri. Gert er ráð fyrir að söngvarar undir 18 ára aldurs ferðist með ábyrgum fullorðnum aðila. Nordklang dagskráin fer fram á skandinavísku, þ.e. dönsku, norsku, sænsku eða blöndu af þeim, en ekki ensku. Frekari upplýsingar má finna á <http://www.nordklang.org/>

Fræðslufundur Gígunnar haldinn 10. mars rétt fyrir aðalfundinn.

Fyrirlesarar verða þau Margrét Bóasdóttir og Sigurður Rúnar Jónsson (Diddi fiðla). Á fræðslufundinum verðu fjallað um upptökur og mál tengd þeim. Sérstaklega verða tekin fyrir öll stóru smáatriðin þegar farið er í upptökur með heilan kvennakór. Plötuupptökur eru bæði nauðsynlegur og nú orðið algengur hluti kórstarfsins og huga þarf að mörgu. Fjallað verður um hvernig hægt er að undirbúa kórinn og alla vinnuna svo allt gangi vel og árangurinn verði sem bestur.

Að lokum

Þó fundir stjórnar hafi ekki verið margir þá hefur ýmislegt verið unnið í nafni Gígunnar. Fulltrúar aðildarkóra hafa sýnt starfinu mikinn áhuga og haft samband í síma, með netpósti og í spjalli. Það er von okkar að aðildarkórar Gígunnar taki áfram virkan þátt í starfinu og lýsi upp með sínum sjarma það menningarstarf sem í boði er á næstu mánuðum og árum.

Skýrslan var borin upp til samþykkis og samþykkt samhljóða af öllum fundarmönnum.

2. Endurskoðaðir reikningar

Ásdís Helga Bjarnadóttir lagði fram og útskýrði reikninga Gígunnar í fjarveru Ernu Gísladóttur gjaldkera. Með vísun í samþykki fyrir því að halda aðalfund næsta haust var "milliuppgjör" Gígunnar kynnt og borið upp til samþykkis. Um er að ræða uppgjör fyrir tímabilið 01.01.2006 til 01.09.2006. Milliuppgjórið var samþykkt samhljóða. Rætt var um að að greiðsla árgjalda aðildarkóranna stemmir ekki við uppgjörstímabil Gígunnar. Það mun leiðréttast í haust á aðalfundinum þegar tekið verður fyrir uppgjör frá 01.09.2006 til 01.09.2007 og framvegis haldinn aðalfundur að hausti. Ákveðið var einnig að senda rukkun á þá kóra sem enn skulda eldri árgjöld. Gjaldkeri Gígunnar mun fara í það mál næst þegar árgjaldið verður innheimt.

3. Stjórnarkjör

Heiða Gunnarsdóttir kynnti starfandi stjórn Gígjunnar (aðal- og varastjórn.) Þrjár konur úr aðalstjórn hafa óskað eftir því að láta af störfum og tvær konur úr varastjórn. Núverandi stjórn er skipuð þannig:

Aðalstjórn Gígjunnar:

Formaður; Ásdís Helga Bjarnadóttir, Freyjukórinn Borgarfirði. HÆTTIR
Gjaldkeri; Erna Gísladóttir, Kvennakór Hornafjarðar. HÆTTIR
Ritari; Heiða Gunnarsdóttir, Vox feminae.
Meðstjórnandi; Sigrún Óskarsdóttir, Kvennakór Hafnarfjarðar.
Meðstjórnandi; Fríða Albertsdóttir, Kvennakór Reykjavíkur. HÆTTIR

Varastjórn Gígjunnar:

Hildur Alexía Pálsdóttir, Vox feminae. HÆTTIR
María Vilhjálmsdóttir, Kvennakór Garðabæjar.
Freyja Friðbjarnardóttir, Kyrjukórinn Þorlákshöfn. HÆTTIR

Í fundarboði aðalfundar var óskað eftir tillögum í stjórnarmenn. Á fundinum var einnig óskað eftir tillögum í stjórnarmenn. Sitjandi stjórn gerði eftirfarandi tillögum um það að aðal- og varastjórn Gígjunnar verði þannig skipuð næsta tímabil:

Næsta Aðalstjórn Gígjunnar:

Sigrún Óskarsdóttir, Kvennakór Hafnarfjarðar
Dagbjört Sigurbergisdóttir, Kyrjurnar
P. Linda Guðjónsdóttir, Gospelsystur Reykjavíkur
Heiða Gunnarsdóttir, Vox feminae
Puríður Pétursdóttir, Kvennakór Reykjavíkur

Næsta Varastjórn Gígjunnar:

Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir, Kvennakór Suðurnesja
María Vilhjálmsdóttir, Kvennakór Garðabæjar
Þorgerður Valdimarsdóttir, Vox feminae

Tillagan var samþykkt samhljóða og kaus fundurinn Sigrúnu Óskarsdóttur í Kvennakór Hafnarfjarðar næsta formann Gígjunnar.

4. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar bárust fundinum. Þessi liður var felldur niður.

5. Ákvörðun árgjalds

Fyrir fundinum lá tillaga frá stjórn um að árgjald yrði óbreytt, þ.e. 200 krónur á hvern kórfélaga og miðað yrði við fjölda kórfélaga um áramót. Tillagan var samþykkt samhljóða.

6. Önnur mál

6.1 Vefsetur Gígunnar; <http://gigjan.is/>

Heiða Gunnarsdóttir ritari og umsjónarmaður vefseturs Gígunnar kynnti uppbyggingu vefsetursins fyrir fundarmönnum og svaraði fyrirspurnum um vefsetrið. Allar ábendingar um vefsetrið og fréttir skal senda á netfangið [gigjan2003\[hjá\]gmail.com](mailto:gigjan2003[hjá]gmail.com).

6.2 Kynning á Heklunum, nýjasta aðildarkór Gígunnar

Kristín Pálsdóttir hélt stutta kynningu á Heklunum sem gengu til liðs við Gígjuna á árinu. Heklurnar voru boðnar hjartanlega velkomnar í samband íslenskra kvennakóra með lófataki. Hér fylgir kynning Kristínar á kórnum:

“Kvennakórinn Heklurnar var stofnaður í janúar árið 2003. Kórinn var stofnaður af nokkrum konum, nánar tiltekið sex, sem höfðu áhuga á söng en treystu sér ekki til að taka þátt í venjulegu kórstarfi þar sem oft er mikil áhersla á félagsstarf og fjáraflanir.

Stofnendur kórsins höfðu frá árinu 1999 hist í hádeginu á föstudögum í söngtímum í Ými hjá Björku Jónsdóttur. Vegna breytinga á persónulegum högum og einnig vegna skorts á áþreifanlegum árangri söngstarfsins lagðist söngiðkunin af vorið 2002.

Um áramót var söngþörfin orðin það mikil að ákveðið var að athuga með undirtektir við stofnun kvennakórs í Mosfellsbæ, þar sem við búum flestar. Björk var til í að stjórna okkur og á fyrstu æfingu mættu um 15 konur.

Kristín I. Pálsdóttir skipaði sjálfa sig formann kórsins og var það fram á vor 2005 þegar núverandi formaður Erla Þorbjörnsdóttir tók við.

Markmið starfseminnar eru að halda úti kórstarfi þar sem aðaláherslan er á að syngja saman og allur félagslegur þrýstingur vegna annarrar starfsemi því óheimill. Í lögum kórsins stendur meðal annars: „Fjáröflunarstarfsemi sem felst í sölu á t.d. rækjum, salernispappír og berjatínunum er andstæð tilgangi félagsins sem og kókusala á bösurum eða hliðstæðum viðburðum.“

Af sjálfu sér leiðir að fjárhagur kórsins er naumari en þeirra kóra sem stunda fjáraflanir. Því er þess gætt að fjármunir séu eingöngu notaðir í það allra nauðsynlegasta sem tengist söngnum beint eins og undirleik, raddþjálfun og kórþúðir svo að hægt sé að halda korgjöldum í lágmarki.

Nú, í mars 2007, eru um 20 konur virkar í kórnum, flestar úr Mosfellsbæ en líka úr Árbæ, Grafarvogi og víðar að. Æfingar eru á þriðjudagskvöldum kl. 20.00 í sal Varmárskóla. Til að æfingarnar nýtist betur höfum við reynt að senda sem mest af lögnum sem við erum að syngja á tölvutæku formi til hlustunar á kórinn, hverja rödd fyrir sig. Forritið Noteworthy er notað til að slá löginn inn en þau eru líka send sem MediaPlayer skjöl og er hægt að hlusta á þau í flestum hlustunarforritum.

Kórinn fer í æfingarþúðir einu sinni á ári, yfirleitt í mars. Kórinn heldur vortónleika og æfir jólaprógramm sem flutt er fyrir eldri borgara, inni á spítölum, niðri á Skólavörðustíg og víðar. Árin 2004 og 2005 héldum við metnaðarfulla jólatónleika með fleiri flytjendum fyrst í Háteigskirkju og síðan í Langholtskirkju. Í október 2006 tókum við þátt í tónleikum með öllum kórnum í Mosfellsbæ og Sinfóníuhljómsveit Íslands í tilefni af 40 ára afmæli Tónlistarskóla Mosfellsbæjar.

Skemmtanir sem eru fastir liðir er Hekluveiðin sem er farin frá hesthúsahverfinu í Mosfellsbæ, yfirleitt um miðjan maí, heim til einnar kórkonunnar, Báru Guðjónsdóttur upp á Kjalarnes, þar sem við þiggjum veitingar og riðum svo til baka. Í ágúst förum við í boði Rannveigar Gísladóttur, sem er alt eins og Bára, í siglingu um sundin blá á skútunni hennar Rannveigar. Áætlað var að fara í utanlandsferð í ár en ekki fékkst næg þátttaka enda þurfa konurnar að borga slíka ferð sjálfar, tekst þó vonandi á næsta ári.

Heklurnar – kvennakór halda úti bloggsíðu þar sem upplýsingar um kórstarfið og fleira eru aðgengilegar. Þar er líka reynt að safna tenglum á ýmislegt er varðar kórstarf, tónfræði og tónlist <http://blog.central.is/heklurnar>.

Að lokum er gaman að nefna að Heklurnar hafa látið útsetja tvö ný íslensk lög fyrir sig. Löginn og textarnir eru bæði eftir Ólínu Gunnlaugsdóttur söngvaskáld á Hellnum á Snæfellsnesi og heita „Una“ og „Sumarást“ en Valentina Kay útsetti löginn.

6.3 Styrkir vegna ferða á stjórnarfundum

Ásdís Helga Bjarnadóttir vakti aftur máls á því sem rætt var á síðasta aðalfundi að Gígjan væri landssamband og þess vegna væru stjórnarmenn af öllu landinu. Það væri oft dýrt að fara á milli staða til þess að funda og ekkert sjálfgefið að einstaklingar bæru kostnað af þeim ferðum sjálfir. Fundir væru nauðsynlegir þó svo að stjórnin gerði mikið af því að nota netið(tölvupóst) til þess að skiptast á upplýsingum. Það þyrfti að gera ráð fyrir því í framtíðinni að sambandið greiddi fyrir fundarkostnað. Stjórnin lagði fram eftirfarandi tillögu til umræðu á fundinum: Gígjan greiðir 1/3 af km gjaldi ríkisins til þátttöku í skilyrtum stjórnarfundum, sem teljast tveir fundir á ári samkvæmt lögum Gígjunnar. Tillagan var rædd á fundinum og ákveðið að stjórn Gígjunnar skyldi skoða þessi mál frekar og koma með tillögu á framhaldsaðalfundinn sem haldinn verður í haust, sem væri hægt að greiða atkvæði um. Fundarmenn ræddu einnig möguleika kóra á því að greiða fyrir ferðir sinna kvenna á móti Gígjunni. Málið fer í skoðun hjá stjórn Gígjunnar.

Fleira ekki gert, aðalfundi slitið kl. 16:40.

Ritari fundargerðar: Heiða Gunnarsdóttir.

7. Myndir



Olga M. Valsdóttir



Diddi fiðla og Margrét Bóasdóttir



Ásdís Helga Bjarnadóttir



Hópmynd



Heiða Gunnarsdóttir



Steiney, Dröfn og Jófríður



Hópmynd



Hópmynd



Hópmynd



Sigrún Óskarsdóttir



Diddi fiðla, Margrét, Ásdís Helga



Daðína og María



Halldóra Viðarsdóttir



Inga, Guðný og Margrét



Hópmynd



Zsuzsanna, Dröfn og Jófríður



Steiney og Elísabet



Sigurey og Hólmfríður



Hópmynd



Kristín I. Pálsdóttir



Valgerður og Inga



Kristín og Erla



Margrét Bóasdóttir



Hópmynd